



Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á  
höfuðborgarsvæðinu

**ÚTBOÐ nr. 14799**

Útboðslýsing

**Kaupandi:**

Strætó bs.

**Umsjónaraðili útboðs:**

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

**Mars 2020**

# Efnisyfirlit

<b>0. ÚTBOÐSSKILMÁLAR</b> .....	<b>4</b>
0.1 Almenn lýsing útboðs.....	4
0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar.....	4
0.1.2 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs .....	4
0.1.3 Útboðsgögn.....	4
0.2 Fyrirspurnir og viðaukar.....	5
0.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun.....	5
0.4 Gerð, framsetning og afhending tilboðs .....	5
0.4.1 Tilboð í hluta.....	5
0.4.2 Fyrirvarar.....	5
0.4.3 Frávikstilboð.....	5
0.5 Fylgigögn bjóðanda með tilboði.....	6
0.6 Afturköllun tilboða.....	6
0.7 Opnun tilboða.....	6
0.8 Forsendur fyrir vali tilboðs.....	6
0.9 Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna .....	7
0.10 Hæfi bjóðanda.....	7
0.10.1 Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda.....	7
0.10.2 Kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu.....	7
0.10.3 Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu.....	8
0.11 Samþykki tilboðs og samningur .....	8
0.12 Trúnaður gagnvart bjóðendum.....	9
0.13 Meðferð persónuupplýsinga skráðra einstaklinga í tilboðsgögnum .....	9
<b>1. SAMNINGSSKILMÁLAR</b> .....	<b>9</b>
1.1 Verðlagsgrundvöllur.....	9
1.2 Greiðslur .....	10
1.2.1 Rafrænir reikningar .....	10
1.2.2 UNSPSC vöruflokkun .....	11
1.3 Samskipti á samningstíma.....	11
1.4 Afhending og afhendingarskilmálar .....	11
1.5 Févíti.....	11
1.6 Óviðráðanleg ytri atvik („Force Majeure“ ).....	12
1.7 Ábyrgð og tryggingar.....	12
1.8 Misræmi í gögnum .....	13
1.9 Framsal réttinda.....	13
1.10 Skuldskeyting - undirverktaka.....	13
1.11 Laun, starfskjör og keðjuábyrgð.....	13

1.12	Trúnaður seljanda .....	14
1.13	Persónuvernd seljanda .....	14
1.13.1	Tilgangur vinnslu: .....	14
1.13.2	Lýsing á vinnslunni (Hinir skráðu og flokkar persónuupplýsinga) .....	14
1.13.3	Notkun (undir)vinnsluaðila.....	15
1.13.4	Öryggisráðstafanir vinnsluaðila .....	15
1.14	Ábyrg innkaup.....	15
1.15	Vanefndir og uppsögn.....	15
1.16	Lög og reglugerðir .....	16
1.17	Ágreiningsmál .....	16
1.18	Gildistími samnings.....	16
1.19	Framlag kaupanda.....	16
1.20	Samningstrygging.....	16
1.21	Breytingar á þjónustunni .....	16
<b>2.</b>	<b>TÆKNILÝSING.....</b>	<b>18</b>
2.0	Almennt .....	18
2.0.1	Yfirlit yfir þjónustuna.....	18
2.0.2	Verksvið og hæfi mannafla.....	18
2.0.3	Þjónustusvæði .....	20
2.0.4	Þjónustutími og lengd ferðar.....	21
2.0.5	Skipulagning ferða og niðurröðun farþega í bifreiðar .....	21
2.0.6	Akstursáætlun .....	21
2.0.7	Bifreiðar og búnaður .....	21
2.0.8	Eftirlit með bifreiðum og þjónustu.....	23
2.0.9	Skráning.....	23
2.0.10	Auglýsingar .....	23
2.0.11	Myndavélakerfi .....	23
2.0.12	Ferilvöktun (GPS staðsetning) .....	24
2.0.13	Gæði þjónustunnar .....	24
2.0.14	Fundir .....	24
2.0.15	Magntölur og uppgjör .....	25
2.1	Akstur.....	25
2.1.0	Almennt.....	25
2.1.1	Biðtími .....	28
2.1.2	Aksturstími með farþega, dagvinnutími.....	28
2.1.3	Aksturstími með farþega, næturvinnutími.....	28
2.1.4	Aksturstími með farþega, stórhátíðardagar .....	29

## 0. Útboðsskilmálar

Í útboðsskilmálum koma fram upplýsingar um innkaupaferlið og þær reglur sem fylgt verður við framkvæmd innkaupaferilsins. Einnig eru settar fram kröfur um hæfi sem bjóðanda ber að uppfylla samkvæmt nánari útlistun í útboðsgögnum.

### 0.1 Almenn lýsing útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnd Innkaupaskrifstofa), f.h. Strætó bs. (hér eftir nefndur kaupandi) óskar eftir tilboðum í sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt þessum útboðsgögnum. Um er að ræða almennt útboð þar sem hvaða fyrirtæki sem er getur lagt fram tilboð.

Leggi fleiri en einn aðili fram sameiginlegt tilboð bera þeir sameiginlega ábyrgð á efndum samningsins. Kaupandi gerir þá kröfu að einn aðili komi fram fyrir hönd hinna við framkvæmd samningsins og standi kaupanda öll skil.

#### 0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar

- EES útboð: Já.
- Fyrirspurnarfrestur bjóðanda: 27. apríl 2020, kl. 13:00.
- Svarfrestur kaupanda: 30. apríl 2020, kl. 16:00.
- Opnunartími og tilboðsfrestur rennur út: 7. maí 2020, kl. 10:00.
- Tilboð skulu gilda í 8 vikur frá opunardegi tilboða.

#### 0.1.2 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Borgartún 12-14

105 Reykjavík

Ísland

Sími: 411-1111

Netfang Innkaupaskrifstofu: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)

Útboðsvefur Reykjavíkurborgar: <http://utbod.reykjavik.is>

Vefsíða Innkaupaskrifstofu: <http://reykjavik.is/utbod>

#### 0.1.3 Útboðsgögn

- Útboðslýsing þessi nr. 14799.
- Tilboðsbók nr. 14799 (Excel skjal sem inniheldur Tilboðsblað, Tilboðsskrá)
- Fylgiskjal 1 - Form samningstryggingar.
- Fylgiskjal 2 – Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu – sameiginlegar reglur.
- Fylgiskjal 3 – Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu – þjónustulýsing.
- Fylgiskjal 4 – Handbók bílstjóra, hagnýtar upplýsingar.
- Fylgiskjal 5 – Vinnslusamningur
- Fylgiskjal 6 – Yfirlýsing um trúnaðar- og þagnarskildu
- Viðaukar sem sendir eru út áður en tilboðsfrestur rennur út af Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, ef við á, í samræmi við kafla 0.2.

Hér eftir verður vísað til allra ofangreindra útboðsgagna sem Útboðsgögn nr. 14799.

## 0.2 Fyrirspurnir og viðaukar

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda Innkaupaskrifstofu skriflega fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar eða í síðasta lagi fyrir tilgreindan fyrirspurnarfrest. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina. Fyrirspurnir skulu merktar númeri útboðs og sendar í gegnum útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Bjóðandi er hvattur til þess að kynna sér útboðsgögnin vel og nýta sér fyrirspurnir til þess að koma á framfæri athugasemdum sem hann hefur við gögnin.

Viðaukar við útboðsgögn sem geta innihaldið svör við fyrirspurnum, breytingar á útboðsgögnum eða aðrar viðbótarupplýsingar verða sendir og birtir handhöfum útboðsgagna á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Handhafar útboðsgagna bera ábyrgð á því að fylgjast með framkvæmd útboðsins á útboðsvefnum.

## 0.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun

Ekki verður boðið upp á kynningarfund eða vettvangsskoðun í þessu útboði.

## 0.4 Gerð, framsetning og afhending tilboðs

Tilboð skal sett fram í tilboðsbók og skilað ásamt umbeðnum gögnum með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að tilboðsfrestur er útrunninn.

Bjóðandi skal í tilboði sínu gera ráð fyrir öllum kostnaði sem hann skal bera samkvæmt þessum útboðsgögnum. Tilboð skulu innihalda allan kostnað og gjöld, hvaða nafni sem þau nefnast, sem hljóttast af vegna verkefnisins eins og því er lýst í þessum útboðsgögnum. Tilboðsfjárhæðir skulu tilgreindar án virðisaukaskatts.

Sé ósamræmi á milli tilboðsskrár og tilboðsblaðs verða tilboð leiðrétt m.t.t. tilboðsskrár.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum.

Kaupandi mun ekki greiða fyrir kostnað bjóðanda sem hlýst vegna þátttöku og tilboðsgerðar í þessu útboði.

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku og/eða ensku.

Innkaupaskrifstofa mælir með því að bjóðandi kynni sér útboðsvef Reykjavíkurborgar. Innkaupaskrifstofa getur ekki tryggt að bjóðandi fái aðstoð við notkun á útboðsvef. Innkaupaskrifstofa mun leitast við að aðstoða bjóðanda við notkun á útboðsvef enda berist ósk þar um með hæfilegum fyrirvara eða eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir viðkomandi tímafrest.

### 0.4.1 Tilboð í hluta

Útboði er ekki skipt upp í hluta.

### 0.4.2 Fyrirvarar

Bjóðanda er óheimilt að gera hvers kyns fyrirvara við tilboð sitt. Innihaldi tilboð fyrirvara án þess að slíkt sé heimilað verður viðkomandi tilboði vísað frá.

### 0.4.3 Frávikstilboð

Frávikstilboð eru óheimil.

## 0.5 Fylgigögn bjóðanda með tilboði

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði bjóðanda.

- A. Upplýsingar um hæfi vegna starfsréttinda**
  - ✓ Gögn samanber kafla 0.10.1.
- B. Upplýsingar um hæfi vegna fjárhagsstöðu**
  - ✓ Gögn samanber kafla 0.10.2.
- C. Upplýsingar um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu**
  - ✓ Gögn samanber kafla 0.10.3.
- D. Upplýsingar um undirverktaka**
  - ✓ Gögn samanber kafla 1.10
- E. Upplýsingar um laun, starfskjör og keðjuábyrgð**
  - ✓ Gögn samanber kafla 1.11.
- F. Upplýsingar um samningstryggingu**
  - ✓ Gögn samanber kafla 1.20.
- G. Upplýsingar er varða verkefnið**
  - ✓ Útfyllt og undirritað tilboðsblað (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
  - ✓ Útfyllt og undirrituð tilboðsskrá (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)

Til hægðarauka fyrir bjóðendur eru ákveðnar málsgreinar í köflum vegna ofangreindra liða A-F merktar með eftirfarandi hætti: ✓, sé bjóðendum skylt að skila gögnum til staðfestingar á að kröfur um hæfi sé uppfyllt. Ekki er tryggt að merktir liðir séu tæmandi listi yfir gögn sem bjóðendum ber að skila og er rík skylda lögð á bjóðendur að kynna sér gögnin rækilega.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki kann það að valda ógildingum tilboðs.

## 0.6 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt á útboðsvef Reykjavíkurborgar áður en tilboðsfrestur rennur út.

## 0.7 Opnun tilboða

Tilboð verða opnuð eftir að tilboðsfrestur rennur út.

Opnun tilboða fer fram á opnunarfundi með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Á opnunarfundi verða lesin upp nöfn bjóðenda, heildartilboðsupphæð og skráð í fundargerð opnunarfundar. Fundargerðin verður birt opinberlega á vefsíðu Innkaupaskrifstofu eftir opnun tilboða.

Opnunarfundur fer fram í Borgartúni 12-14. Óski bjóðandi eftir því að vera viðstaddur við opnun tilboða er mælt til þess að hann tilkynni það til Innkaupaskrifstofu með að lágmarki 48 klukkustunda fyrirvara á netfang Innkaupaskrifstofu.

## 0.8 Forsendur fyrir vali tilboðs

Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs.

Tilboð bjóðanda telst óaðgengilegt ef bjóðandi býður hærra verð en kostnaðaráætlun kaupanda gerir ráð fyrir. Kaupandi áskilur sér þó rétt til að taka tilboði sem er hærra en kostnaðaráætlun eða hafna því eftir því sem við á.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir skýringum, upplýsingum eða boða til skýringarfundar með bjóðanda ef gögn sem bjóðandi leggur fram virðast ófullkomin eða ef tiltekin skjöl vantar, þannig að kaupandi geti betur lagt mat á tilboð bjóðanda með tilliti til lágmarkskrafna og hæfi bjóðanda.

## 0.9 Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi á opunardegi tilboðs, verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningabætti, hryðjuverk, brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, mansali eða þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings. Skylda til að útiloka bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir framangreind brot, er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða í því.

Heimilt er að útiloka bjóðanda frá samningum ef eitthvað af tilvikum sem nefnd eru í 4. og 6. mgr. 68. gr. laga nr. 120/2016 eiga við um hann.

Við mat á því hvort skilyrði 3., 4. og 6. mgr. 68. gr. laga um opinber innkaup eigi við um bjóðanda skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós atvik samanber ofangreind ákvæði eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur kaupandi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

## 0.10 Hæfi bjóðanda

### 0.10.1 Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna starfsréttinda til bjóðenda. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna starfsréttinda verður tilboðum þeirra hafnað.

Bjóðendur sem eru lögaðilar skulu vera skráðir í fyrirtækjaskrá. Sé bjóðandi ekki skráður í fyrirtækjaskrá á Íslandi skal hann skráður á sambærilegan hátt í viðkomandi landi.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu afriti af skráningu úr fyrirtækjaskrá. Sé bjóðandi ekki skráður í fyrirtækjaskrá á Íslandi skal hann skila með tilboði sínu afriti af sambærilegri skráningu í viðkomandi landi.

Bjóðendur skulu hafa rekstrarleyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni í samræmi við lög nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga á landi.

- ✓ Bjóðandi skal skila inn með tilboði sínu afriti af gildu rekstrarleyfi til fólksflutninga.

### 0.10.2 Kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu til bjóðenda. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna fjárhagsstöðu verður tilboðum þeirra hafnað.

Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld. Leggi fleiri en einn aðili fram sameiginlegt tilboð skulu allir aðilar vera í skilum með opinber gjöld.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu viðkomandi yfirvalds á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum. Leggi fleiri en einn aðili fram sameiginlegt tilboð skal skila með tilboði staðfestingu um skil opinnberra gjalda fyrir alla aðila.

Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Leggi fleiri en einn aðili fram sameiginlegt tilboð skulu allir aðilar vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu frá lífeyrissjóði/sjóðum á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum. Leggi fleiri en einn aðili fram sameiginlegt tilboð skal skila með tilboði staðfestingu um skil lífeyrissjóðsiðgjalda fyrir alla aðila.

Bjóðandi skal vera með jákvætt eigið fé. Leggi fleiri en einn aðili fram sameiginlegt tilboð skulu allir aðilar vera með jákvætt eigið fé.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu síðastgerðum ársreikningi, eigi eldri en tveggja ára. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda. Leggi fleiri en einn aðili fram sameiginlegt tilboð skal skila með tilboði síðastgerðum ársreikningi fyrir alla aðila.

### 0.10.3 Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu til bjóðenda. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu verður tilboðum þeirra hafnað.

Bjóðandi skal tilgreina í tilboði þann aðila sem hafa mun umsjón með framkvæmd samningsins. Sá aðili skal hafa að lágmarki 3 ára reynslu á síðastliðnum 10 árum af sambærilegri þjónustu, og hafa gott vald á íslensku. Með sambærilegri þjónustu er átt við þjónustu þar sem um ræðir akstur með fatlað fólk og/eða aldraða einstaklinga.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu skrá yfir helstu stjórnendur og starfmenn sem að þjónustunni koma og upplýsingum um þá og starfsreynslu.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu skrá yfir sambærilega þjónustu og lýsingu er sýnir fram á hæfi bjóðanda.

Bjóðandi skal hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða sem uppfylla kröfur útboðsgagna.

- ✓ Bjóðandi skal skila inn með tilboði sínu skrá með greinargóðum upplýsingum yfir allar sérútbúnaðar hópferðabifreiðar sem boðnar eru til þjónustunnar. Í þeirri skrá skal m.a. tilgreina þann fjölda og stærð bifreiða sem bjóðandi hefur til umráða auk útlistunar á því hvernig þær bifreiðar uppfylla kröfur sbr. kafla 2.0.7.

Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu lýsingu á gæðastjórnunarkerfi bjóðanda.

## 0.11 Samþykki tilboðs og samningur

Tilboð verður samþykkt skriflega innan gildistíma þess og telst þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

Eftir að samningur er kominn á verður samningsform undirritað. Fyrir undirritun samnings skal bjóðandi leggja fram samningstryggingu í samræmi við kafla 1.20.



## 0.12 Trúnaður gagnvart bjóðendum

Kaupanda er óheimilt skv. 17. gr. laga um opinber innkaup að láta af hendi viðkvæmar upplýsingar sem bjóðandi hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar. Til slíkra upplýsinga teljast upplýsingar um rekstur, sértækar tæknilausnir, einingarverð, fjárhagsmálefni og viðskipti og aðrar þær upplýsingar sem geta skaðað hagsmuni bjóðanda ef aðgangur er veittur að þeim. Kaupanda er heimilt að krefjast þess að fyrirtæki gæti trúnaðar um mikilvægar upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012. Trúnaðarskyldan vikir ef önnur ákvæði laganna kveða á um að skylt sé að afhenda gögn, t.d. skylda til að birta opinberlega tilkynningu um gerð samnings á Evrópska efnahagssvæðinu og upplýsa þátttakendur og bjóðendur um tiltekin atriði sem og skylda til að veita kærunefnd útboðsmála upplýsingar.

## 0.13 Meðferð persónuupplýsinga skráðra einstaklinga í tilboðsgögnum

Samkvæmt lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup er skylt að kalla eftir persónuupplýsingum til að sanna að útilokunarástæður laganna eigi ekki við um stjórnendur og eigendur fyrirtækja sem sækjast eftir opinberum samningum. Einnig getur þurft að kalla eftir persónuupplýsingum um starfsmenn fyrirtækja til að geta metið skv. valforsendum hvaða tilboð er hagstæðast eða til að mæta hæfi fyrirtækja til að uppfylla samninga.

Heimild kaupanda til framangreindrar vinnslu persónuupplýsinga er í 3. og 5. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlög).

Kaupandi ábyrgist að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinga/gagna sem hann fær aðgang að/afrit af og meðhöndlar þau gögn í samræmi við persónuverndarlög. Verði persónuupplýsingum deilt með þriðja aðila er það einungis á grundvelli lagaheimildar, stjórnvaldsfyrirmæla, dómsúrskurðar eða skriflegs vinnslusamnings.

Persónuupplýsingum í tilboðsgögnum kann að vera deilt með kærunefnd útboðsmála og úrskurðarnefnd um upplýsingamál sem ákveður samkvæmt lögum um opinber innkaup og upplýsingalögum nr. 140/2012 hvort kærandi fái aðgang að þeim. Bjóðendur eiga með ákveðnum takmörkunum rétt á að fá aðgang að upplýsingum úr tilboðum samkeppnisaðila, þ.m.t. persónuupplýsingum, geri þeir kröfu um það. Slíkur aðgangur er veittur með hliðsjón af lögum um opinber innkaup og upplýsingalögum nr. 140/2012.

Um réttindi skráðra aðila gagnvart kaupanda samkvæmt persónuverndarlögum, varðveislutíma persónuupplýsinga og öryggi persónuupplýsinga vísast að öðru leyti til persónuverndarstefnu kaupanda sem er aðgengileg á heimasíðu kaupanda: <https://www.straeto.is/is/um-straeto/stefnur-og-gaedamal/personuverndarstefna>.

# 1. Samningsskilmálar

Í samningsskilmálum er kveðið á um skyldur og réttindi samningsaðila þegar tilboð hefur verið endanlega samþykkt og eftir að kominn er á bindandi samningur að loknu innkaupaferli. Sá aðili sem kaupandi semur við að loknu innkaupaferli er hér eftir kallaður „seljandi“ og/eða „bjóðandi“.

## 1.1 Verðlagsgrundvöllur

Leggja skal fram tilboð í íslenskum krónum. Öll tilboðsverð skulu sett fram án virðisaukaskatts.

Verðlagsgrunnur samnings er miðaður við samsetta vísitölu liðs 072 Rekstur ökutækja (undirvísitölur frá 2008) úr vísitölu neysliverðs Hagstofu Íslands annars vegar og launavísitölu hins vegar. Vísitölurnar skulu gilda:

- 072 Rekstur ökutækja 30%
- Launavísitala 70%

Samningsbundnar greiðslur til seljanda skulu miðast við tilboðsverð. Greiðslur hækka eða lækka hlutfallslega með hækkun eða lækkun á ofangreindum liðum.

Verðbæturnar skulu miðaðar við ofangreinda liði eins og þeir eru á opunardegi tilboða. Verðbætur reiknast mánaðarlega og miðast þá við skráða vísitölu liðs 072 mánaðarins á undan og skráða launavísitölu tveim mánuðum áður, m.ö.o. verðbætist t.d. reikningur í apríl með vísitölu liðs 072 í mars og launavísitölu reiknaða út fyrir febrúar. Skýrist þetta af því að launavísitala t.d. fyrir febrúar er ekki birt hjá Hagstofu Íslands fyrr en um 20. mars.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði skal þó aldrei miða við lægri vísitölu en upphafsvísitölu þjónustusamnings (útreiknaða samsetta vísitölu).

Komi til þess á samningstímanum, eða við upphaf samningstímans, að seljandi endurnýi og/eða velji hópferðabifreiðar sem ganga 100% fyrir hreinum orkugjafa, t.d. rafmagni, vetni eða metani, er kaupanda heimilt, en ekki skylt, að greiða seljanda allt að 2% hærra tímagjald (m.ö.o. hækka einingarverð um allt að 2%) fyrir þjónustu viðkomandi bifreiða frá og með þeim tíma er akstur hefst á viðkomandi bifreið.

Við framkvæmd útboðsins hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið kynnt áform um breytingar á lögum um virðisaukaskatt, sem fela í sér að aðkeypt akstursþjónusta kaupanda verður ekki lengur undanþegin virðisaukaskatti. Áform um lagasetninguna voru birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 20. desember 2019 í máli nr. 319/2019.

Verði á gildistíma samningsins gerðar breytingar á lögum um virðisaukaskatt þannig að þjónustan verði virðisaukaskattskyld, skulu kaupandi og seljandi semja sín á milli um þær breytingar sem lagasetningin hefur á samningsbundin einingarverð. Takist samkomulag ekki með aðilum fyrir gildistöku dag lagabreytingarinnar sem um ræðir, getur hvor aðili um sig falið formanni Félags löggiltra endurskoðenda, að tilnefna einn óvilhallan endurskoðanda til að reikna út einingarverð seljanda að teknu tilliti til fyrrgreindra lagabreytinga. Niðurstöðu hans skal leggja til grundvallar við framkvæmd samningsins frá gildistöku degi lagabreytingarinnar sem um ræðir, en greini aðila á um hana verður hún borin undir dómstóla til endanlegrar úrlausnar.

## 1.2 Greiðslur

Samningsbundinn akstur og greiðslur til seljanda hefjast 1. júlí 2020.

Kaupandi áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við dagsetningu reiknings. Greiðslufrestur fer þó ekki að líða fyrr en reikningur hefur borist kaupanda, enda sé hann samkvæmt forskrift og með fullnægjandi upplýsingum til að staðfesta megi réttmæti hans.

Þó kaupandi greiði reikninga samkvæmt gjaldskrá sem ekki er staðfest af kaupanda felst ekki í því viðurkenning á nýrri gjaldskrá. Komi slíkt í ljós áskilur kaupandi sér rétt til skuldajöfnunar á grundvelli gildandi gjaldskrár.

### 1.2.1 Rafrænir reikningar

Seljandi skal senda reikning vegna verkefnisins mánaðarlega samkvæmt samþykktri tímamælingu úr aksturkerfi. Kaupandi sendir tímamælingar úr aksturkerfi í upphafi hvers mánaðar, fyrir mánuðinn á undan, til samþykktar hjá seljanda. Tímamæling úr aksturkerfi er forsenda uppgjörs og skal samþykkt af seljanda áður en reikningur er sendur.

Ekki skulu koma fram á reikningi gjöld sem ekki tengjast seldri þjónustu, s.s. seðil- eða þjónustugjöld.

Allir reikningar til kaupanda skulu vera á rafrænu formi. Skulu þeir fylgja gildandi tækniforskriftum frá Staðlaráði Íslands fyrir rafræna reikninga.

Reikningur skal ávallt innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Kennitala kaupanda: **500501-3160 (Strætó bs.)**

- Númer samnings/útboðsnúmer: 14799
- Heiti samnings/útboðs: Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu
- Sundurliðun á þjónustu, magn, eining og einingarverð
- UNSPSC númer: 78110000
- Aðrar lögbundnar upplýsingar

Rafræna reikninga skal senda þann dag sem dagsetning reiknings segir til um.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna reikningum sem uppfylla ekki framangreind skilyrði.

Þjóðendur skulu gera ráð fyrir öllum kostnaði vegna útgáfu og sendingu rafræna reikninga í tilboðsverði sínu, þ.m.t. sundurliðun reikninga.

### 1.2.2 UNSPSC vöruflokkun

UNSPSC (United Nations Standard Product and Services Code®) er alþjóðlegt flokkunarkerfi fyrir vörur og þjónustu. UNSPSC flokkunin hentar fyrir allar gerðir framleiðsluvara og þjónustu í öllum greinum atvinnulífs. UNSPSC staðallinn er opinn staðall og er aðgengilegur aðilum án kostnaðar.

Uppbygging UNSPSC vöruflokkunarstaðals sameinuðu þjóðanna:

- Vöruhópur (Segment): 10000000
- Flokkur (Family): 10100000
- Tegund (Class): 10101500
- Vara (Commodity): 10101501

Kaupandi gerir kröfu til seljanda að í öllum línnum rafræns reiknings komi fram UNSPSC númer samkvæmt upplýsingum um rafræna reikninga.

Nánari upplýsingar um UNSPSC flokkunarkerfið má nálgast á <https://www.unspsc.org/>.

## 1.3 Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur mun kaupandi annast samskipti við seljanda á samningstímanum.

Kaupanda er heimilt að óska eftir minniháttar breytingum á verkefninu og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda. Allar óskir um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins.

Samningur um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

## 1.4 Afhending og afhendingarskilmálar

Á ekki við í þessu útboði.

## 1.5 Fávíti

Verði vanefndir á að seljandi geti útvegað tilskilinn fjölda bifreiða og bílstjóra skv. akstursáætlun hverju sinni, skal hann greiða kaupanda 20.000 kr./bifreið (að viðbættum verðbótum líkt og þær eru skilgreindar í kafla 1.1) fyrir hverja klukkustund sem tilskildum fjölda bifreiða er ekki náð.

Verði vanefndir á að öryggismyndavélar í bifreiðum virki, sem rekja má til vanrækslu seljanda, skal hann greiða kaupanda 250.000 kr. (að viðbættum verðbótum líkt og þær eru skilgreindar í kafla 1.1) fyrir hverja þá beiðni um myndefni sem ekki er hægt að nálgast.

Heimilt er að skuldajafna af samningsfjárhæð hafi greiðslur vegna févítis ekki skilað sér.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.11. Seljandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,01% af samningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verði seljandi uppvis að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.11 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita févítum sem nemur 0,01% af samningsfjárhæð fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Ákvæði þessa kafla fela ekki í sér tæmandi talningu á þeim vanefndaúrræðum sem kaupanda er heimilt að grípa til vegna vanefnda seljanda.

## 1.6 Óviðráðanleg ytri atvik („Force Majeure“)

Í samningi skulu óviðráðanleg öfl („Force Majeure“) skilgreind þannig, að þau taki til viðskiptahamlana, flutningsskaða, eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands, hryðjuverka, hópshlysa, fyrirmæla stjórnvalda eða trúflunar á fjarskiptum eða orkuveitum, eða hvers kyns ámóta atvika á Íslandi sem ekki er unnt að koma í veg fyrir eða hafa stjórn á með eðlilegum ráðum af hálfu aðila samnings þessa. Í þessu tilliti skulu óviðráðanleg öfl einnig taka til allsherjarverkfalla og svæðisbundinna verkfalla á Íslandi (að undanskildum staðbundnum verkföllum, verk- eða vinnustöðvunum á starfsstöð eða starfsstöðvum aðila, sem aðilar samningsins geta að einhverju marki haft áhrif á til lausnar), sem aðili sá, er fyrir slíku verður, hefur ekki getað komið í veg fyrir eða haft stjórn á, þótt hann hafi beitt öllum eðlilegum ráðum sem honum voru tiltæk til að binda endi á ástandið.

Misbrestur eða aðgerðarleysi af hálfu aðilanna um að efna nokkra skuldbindingu sína samkvæmt samningnum telst ekki til vanefndar ef og að því leyti sem misbresturinn eða aðgerðarleysið er af völdum óviðráðanlegra aflu.

Sá aðili sem vill bera fyrir sig óviðráðanleg öfl („Force Majeure“) ber sönnunarbyrði um tilvist slíkra óviðráðanlegra aflu. Misbrestur eða aðgerðarleysi skal, að því er grein þessi varðar, því aðeins teljast vera af völdum óviðráðanlegra aflu („Force Majeure“) að sá aðili, sem hlut á að slíkum misbresti eða aðgerðarleysi, sanni (a) að misbrestur hans eða aðgerðarleysi sé bein afleiðing af slíkum óviðráðanlegum öflum (Force Majeure), og (b) að hann hafi sýnt hæfilega aðgæslu og gripið til allra annarra ráða, sem eðlileg mega teljast, til þess að forðast slíkan misbrest eða aðgerðarleysi.

Hvor aðili skal tafarlaust tilkynna hinum um óviðráðanleg öfl („Force Majeure“) sem valda misbresti eða aðgerðarleysi viðkomandi aðila um efndir skuldbindinga samkvæmt samningnum. Jafnframt skal aðilinn grípa til þeirra ráðstafana, sem eðlilegar mega teljast, til þess að draga úr áhrifum þess misbrests hans eða aðgerðarleysis um fullar efndir og skal hann strax og óviðráðanlegum öflum („Force Majeure“) er ekki lengur til að dreifa gera viðeigandi ráðstafanir til að efna samninginn.

## 1.7 Ábyrgð og tryggingar

Seljandi skal vera með allar lögboðnar tryggingar í gildi sem eiga við um hans starfsemi.

Seljandi ber einn ábyrgð á tjóni sem þriðji aðili kann að valda á eigum seljanda við framkvæmd þjónustunnar.

Seljandi ber ábyrgð á því tjóni eða slysum, sem hann kann að valda kaupanda eða þriðja aðila meðan á framkvæmd samningsins stendur. Seljandi skal leggja fram skírteini um ábyrgðartryggingu fyrir tjóni er hann kann að valda kaupanda eða þriðja aðila. Þrátt fyrir eftirlit kaupanda, ber seljandi fulla ábyrgð

á framkvæmd samningsins. Auk þess ber seljanda að sjá um að undirverktakar hafi sambærilegar ábyrgðartryggingar.

Slysatryggingu starfsmanna sinna skal seljandi annast og kosta, sem og önnur þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld sem fylgir því að hafa menn í vinnu og selja þjónustu.

Hvenær sem er á samningstíma getur kaupandi krafist gagna til staðfestingar því, að lögboðin gjöld, s.s. staðgreiðsla skatta, tryggingagjöld, virðisaukaskattur, lífeyrissjóðsgjöld, stéttarfélagsgjöld o.s.frv. séu í skilum. Seljandi skal afhenda kaupanda afrit af skírteinum fyrir þeim tryggingum, sem hann greiðir fyrir vegna þjónustunnar á hverjum tíma, ásamt staðfestingu á greiðslu iðgjalda af þessum tryggingum.

## 1.8 Misræmi í gögnum

Ef seljandi verður var við misræmi í útboðsgögnum eftir að samningur er kominn á skal hann tilkynna það til kaupanda án tafar. Seljandi skal þó eftir sem áður skuldbundinn af tilboði sínu nema aðilar sammælist um breytingar á samningnum. Hafi seljandi ekki komið slíkri tilkynningu á framfæri við kaupanda áður en samningsbundinn akstur hefst (1. júlí 2020) getur hann ekki borið villu eða misræmi fyrir sig gagnvart kaupanda.

## 1.9 Framsal réttinda

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi sem gerður verður í framhaldi af útboði þessu nema með skriflegu samþykki kaupanda.

Seljanda er óheimilt að binda kaupanda á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á samningstímanum.

## 1.10 Skuldskeyting - undirverktaka

Seljanda er óheimilt, án samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Feli seljandi undirverktaka að taka að sér einstaka þætti skal tilkynna það kaupanda og breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu upplýsingum um undirverktaka, ef við á, og hvaða þátt/þætti þjónustunnar hann hyggst láta undirverktaka vinna.

## 1.11 Laun, starfskjör og keðjuábyrgð

Seljandi skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

- ✓ Bjóðandi skal skila undirritaðri yfirlýsingu um ábyrgð sína varðandi það að hann tryggi og beri ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

Þá skal kaupanda heimilt að greiða vangoldnar greiðslur til undirverktaka og annarra starfsmanna, sem svarar til launatengdra greiðslna, á kostnað seljanda standi hann ekki í skilum með slíkar greiðslur sbr. 42. gr. Innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Efni seljandi ekki samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði þessa kafla er kaupanda heimilt að beita ákvæðum sem fram koma í kafla 1.5 og í kafla 1.15.

## 1.12 Trúnaður seljanda

Krafa er gerð um undirritun trúnaðaryfirlýsingar við starfsmenn og/eða undirverktaka seljanda sem skulu veita boðna þjónustu, sjá nánar í fylgiskjali 6 – Yfirlýsing um trúnaðar- og þagnarskyldu. Trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## 1.13 Persónuvernd seljanda

Kaupandi hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum kaupanda. Kaupandi hefur því sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlaga). Lögin eru byggð á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (almenna persónuverndarreglugerðin) eða „GDPR“.

Á grundvelli útboðs þessa mun seljandi vinna með persónuupplýsingar fyrir hönd kaupanda sem (undir)vinnsluaðili, eða eftir atvikum samábyrgðaraðili vegna vinnslu persónuupplýsinga, í skilningi persónuverndarlaga. Umfang vinnslunnar er skilgreind í kafla 1.13.2 hér að neðan. Umfang vinnslu skal ekki fara fram yfir það sem skilgreint er í þessum gögnum. Komi upp síðar að vinnslan breytist skal gera grein fyrir umfangi vinnsluaðgerða og gera skriflegar breytingar í samræmi við kafla 1.13.3 hér að neðan.

Seljandi skal gangast undir sérstakan samning við kaupanda um vinnslu persónuupplýsinga, sjá fylgiskjal 7 - vinnslusamningur, sbr. 25. gr. persónuverndarlaga. Við skil á tilboði er seljandi að gangast undir að teljast vinnsluaðili í skilningi persónuverndarlaga með allri þeirri ábyrgð sem skilgreind er í fylgiskjali 7 - vinnslusamningur. Kaupandi áskilur sér rétt til að uppfæra fylgiskjal 7 - vinnslusamningur áður en gengið er til samninga og fyrirkomulag myndavélaeftirlits liggur nánar fyrir.

Undirrita skal vinnslusamning samhliða undirritun þjónustusamnings.

Kaupandi getur gert kröfu á hendur vinnsluaðila samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar vegna tjóns sem hann kann að valda sé um að ræða ásetning eða gáleysi af hálfu vinnsluaðila.

Persónuverndarstefnu kaupanda má sjá í heild sinni á heimasíðu kaupanda: <https://www.straeto.is/is/um-straeto/stefnur-og-gaedamal/personuverndarstefna>.

### 1.13.1 Tilgangur vinnslu:

Tilgangur vinnslunnar er eftirfarandi:

1. að veita fötluðum og öldruðum einstaklingum lögbundna akstursþjónustu
2. að tryggja öryggi og gæði þjónustunnar

### 1.13.2 Lýsing á vinnslunni (Hinir skráðu og flokkar persónuupplýsinga)

Vinnsluaðili vinnur með eftirfarandi persónuupplýsingar um notendur akstursþjónustu fyrir hönd kaupanda:

- Nöfn
- Símanúmer
- Upphafstíma og upphafsstað ferðar
- Endatíma og endastöð ferðar
- Afpantanir ferða
- Heilsufarslegar upplýsingar, s.s. upplýsingar um þjónustubörf, sérþarfir, hjálpartæki og fylgdarmenn.
- Ýmsar upplýsingar um umkvartanir og ábendingar í tengslum við atvikaskráningu.

Vinnsla persónuupplýsinga er óheimil umfram það sem greint er í þessum kafla án samþykkis kaupanda en lýsing skv. þessum kafla getur sætt endurskoðun þannig að hún sé ávallt í samræmi við vinnslu persónuupplýsinga á hverjum tíma á gildistíma samningsins.

### 1.13.3 Notkun (undir)vinnsluaðila

Þjóðandi skal tilgreina í tilboði sínu ef hann hyggst nota undirvinnsluaðila við þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann mun sinna fyrir hönd kaupanda. Tiltaka skal nafn þess aðila, tegund vinnslu, nafn kerfis sem hann vinnur með, auk þess sem gera skal grein fyrir landfræðilegri staðsetningu undirvinnsluaðila. Allir undirvinnsluaðilar eru háðir samþykki kaupanda. Öll vinnsla persónuupplýsinga hjá undirvinnsluaðila er óheimil sé ekki búið að fá samþykki fyrir henni skriflega fyrirfram.

### 1.13.4 Öryggisráðstafanir vinnsluaðila

Seljandi skal geta tryggt að öll vinnsla og meðferð hans á persónuupplýsingum fyrir hönd kaupanda sé í samræmi við skrifleg fyrirmæli kaupanda og í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga og almennu persónuverndarreglugerðina.

Skal seljandi þ.á.m. viðhafa viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga frá kaupanda og vernda þær m.a. gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi, gegn óleyfilegum aðgangi og gegn allri annarri ólögumætri vinnslu.

Eftir því sem við á, er vinnsluaðila skylt að tryggja öryggi starfsstöðva, pappírsgagna, tölvukerfa og færarlegra geymslumiðla sem geymt geta upplýsingar.

Í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum mannlegra mistaka, þjófnaðar, svika og annarrar misnotkunar skal vinnsluaðili tryggja að öll gögn í hans umsjá séu varin gegn þjófnaði og skemmdum, hvort sem er af ásetningi, fyrir slysi eða af öðrum orsökum.

Nánar er fjallað um þær lágmarks ráðstafanir sem vinnsluaðila er skylt að fara eftir í fylgiskjali 7 – vinnslusamningur og viðaukum við hann.

Skal seljandi geta lagt fram gögn eða sýnt fram á með öðrum sannanlegum hætti hvernig hann tryggir ofangreint.

## 1.14 Ábyrg innkaup

Á ekki við í þessu útboði.

## 1.15 Vanefndir og uppsögn

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðsgagna þessara. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að beita öllum hefðbundnum vanefndaúrræðum, s.s. að krefja seljanda um réttar efndir samnings, krefja seljanda um féviti skv. kafla 1.5, bæta úr vanefndum á kostnað seljanda, fella niður greiðslur til seljanda, krefjast skaðabóta eða rifta samningnum..

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum laga.

Leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldþrotaskipta á búi hans eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum hvenær sem er á samningstímanum getur kaupandi án frekari fyrirvara rift samningi.

Við ítrekaðar eða verulegar vanefndir seljanda er kaupanda heimilt að rifta samningnum, enda hafi kaupandi tilkynnt seljanda skriflega um vanefndina og gefið honum kost á að bæta úr vanefndinni.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.11. Seljandi samþykkir að ef hann getur

ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,01% af samningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verði seljandi uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.11 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita févíti sem nemur 0,01% af samningsfjárhæð fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

### **1.16 Lög og reglugerðir**

Um verkefni þetta gilda íslensk lög og reglur.

Seljandi skal lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða. Seljandi skal tryggja að afhent vara og/eða þjónusta sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að á hverjum tíma út samningstímann.

### **1.17 Ágreiningsmál**

Rísi ágreiningur út af verkefni því, sem þessi útboðslýsing fjallar um, skulu aðilar reyna sitt ítrasta til að ná sáttum og jafnvel leita formlegrar sáttamiðlunar hjá sáttamiðlara en að öðrum kosti skal ágreiningi vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

### **1.18 Gildistími samnings**

Samningur tekur gildi samkvæmt kafla 0.11 og gildir til 30. júní 2025. Þjónustutímabil hefst 1. júlí 2020. Heimilt er með samþykki beggja aðila að framlengja samninginn um tvö ár.

### **1.19 Framlag kaupanda**

Kaupandi leggur eftirfarandi búnað til þjónustunnar:

- Spjaldtölvur í allar bifreiðar sem beintengdar eru í tölvukerfi kaupanda þar sem bílstjórar sjá skipulag dagsins, nýjar ferðir, afpantanir ferða o.s.frv. Kaupandi greiðir af spjaldtölvum öll leyfis- og þjónustugjöld og kostnað vegna gagnaflutnings.
- Hringlaga merki Strætó til merkingar á bifreiðum.

### **1.20 Samningstrygging**

Til tryggingar því að seljandi standi við allar skuldbindingar sínar við kaupanda vegna verkefnis þessa afhendir hann kaupanda samningstryggingu fyrir undirritun samnings.

Trygging skal miðast við 1% af samningsfjárhæð og stendur óbreytt til samningsloka.

Skilmálar ofangreindrar tryggingar skulu þannig orðaðir, að kaupandi geti innleyst hana án undangengins dómsúrskurðar og greiðsla geti farið fram innan 14 daga frá því hennar er krafist. Að öðru leyti skal orðalag tryggingar háð samþykki kaupanda, sjá fylgiskjal 3.

- ✓ Þjóðandi skal skila með tilboði sínu yfirlýsingu frá banka / tryggingarfélagi, um að þjóðandi muni fá samningstryggingu vegna útboðs þessa, án skilyrða.

### **1.21 Breytingar á þjónustunni**

Á samningstímanum geta breytingar orðið á þjónustunni. Þjóðendur skulu gera ráð fyrir í tilboðsverðum sínum að einingarverð skulu vera óbreytt ef breytingar á heildarakurstíma með farþega eru innan við 15% fækkun og 40% fjölgun.



Heildaraksturstími með farþega er samanlagður fjöldi áætlaðra aksturtíma skv. greiðsluliðum 2.1.2-2.1.4 fyrir hvert samningsár.

Fækkun heildaraksturstíma með farþega:

- Fækki heildaraksturstímum um meira en 15% greiðir kaupandi seljanda bætur sem nema 60% af kostnaði fyrir þá óeknu aksturstíma með farþega sem eru umfram 15% fækkun. Greiðsla bóta skal miðast við hvert ár samningstímans, þ.e. tímabilið 1. júlí – 31. júní ár hvert yfir samningstímann.

Fjölgun heildaraksturstíma með farþega:

- Fjölgi heildaraksturstímum um meira en 40% getur annar hvor samningsaðila óskað eftir breytingu á samningsbundnum einingarverðum til hækkunar eða lækkunar.

## 2. Tæknilysing

### 2.0 Almenn

#### 2.0.1 Yfirlit yfir þjónustuna

Þjónusta sú sem hér um ræðir er akstur með fatlað fólk og aldraða einstaklinga sem eiga lögheimili í Garðabæ, Reykjavík, Seltjarnarnesbæ eða Mosfellsbæ, eða njóta þjónustu sveitarfélaganna samkvæmt samþykki þeirra, og sannanlega þarfnast akstursþjónustu skv. sameiginlegum reglum um akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Aksturinn nær til alls höfuðborgarsvæðisins.

Heildarfjöldi ferða árið 2019 var um 367.000 og þar af voru um 85.000 ferðir með einstaklinga í hjólastól.

Áætluð þörf á fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða er mismunandi eftir árstíðum. Áætluð þörf er um 45 bifreiðar á dag yfir vetrarmánuði en um 20 bifreiðar á dag yfir sumarmánuði, sjá nánar í kafla 2.1.0.

Seljanda er óheimilt, nema með heimild kaupanda, að vera með aðra farþega en notendur akstursþjónustunnar í bifreiðum sínum á meðan seljandi sinnir akstri samkvæmt útboði þessu.

Seljandi skal kynna sér rækilega eftirtalin fylgiskjöl sem fylgja útboðsgögnum þessum og gera ráð fyrir þeim atriðum sem þar koma fram í tilboði sínu:

- Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu – sameiginlegar reglur
- Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu – þjónustulyking
- Handbók bílstjóra, hagnýtar upplýsingar fyrir akstur og þjónustu.

Akstursþjónustan er í stöðugri endurskoðun með það að leiðarljósi að bæta þjónustuna fyrir notendur með sem hagkvæmustum hætti. Aðstaða notenda er mismunandi og getur þjónustubörf þeirra verið breytileg og árstíðarbundin.

Kaupandi áskilur sér rétt til þess að bjóða einstökum notendum, t.d. öldruðum eða smærri hópum, aðra akstursþjónustu en kveðið er á um í útboðsgögnum þessum í styttri eða lengri tíma. Um yrði að ræða sértæk úrræði en ekki breytingar á almennri þjónustu við notendur og eru slík úrræði ekki hluti af útboði þessu.

Kaupandi mun einnig notast við leigubifreiðar til aksturs á fötluðu fólki og öldruðum einstaklingum þegar sérútbúnað bifreiðar anna ekki eftirspurn, s.s. á morgnana, í kringum hádegi og síðdegis, sem og þegar aðstæður einstaklinga krefjast annars konar bifreiða en óskað er eftir í útboði þessu. Kaupandi mun því bjóða út samhliða þessu útboði tilfallandi akstur á fötluðu fólki og öldruðum einstaklingum með leigubifreiðum. Gert er ráð fyrir að um 70% allra ferða verði farnar á sérútbúnum bifreiðum sem óskað er eftir í útboði þessu en um 30% ferða verði farnar á leigubifreiðum (ferðir á leigubifreiðum eru utan þessa útboðs).

#### 2.0.2 Verksvið og hæfi mannafla

Framkvæmd þjónustu seljanda skal stjórnað af aðila sem tilgreindur er í tilboði seljanda og fullnægir kröfum útboðsgagna um tæknilega og faglega getu, þ.m.t. kröfu um reynslu af sambærilegri þjónustu. Láti hlutaðeigandi aðili af störfum hjá seljanda á samningstímanum skal seljandi tilkynna kaupanda um það og fela öðrum aðila, sem fullnægir sömu skilyrðum, stjórnun á framkvæmd þjónustunnar með samþykki kaupanda.

Seljandi skal tilkynna kaupanda um þá bílstjóra sem annast akstursþjónustuna og leggja fram viðeigandi gögn til staðfestingar á því að bílstjórnarnir fullnægi þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar samkvæmt útboðsgögnum. Bílstjórum er óheimilt að sinna akstursþjónustunni nema að fengnu skriflegu samþykki kaupanda.

Kaupandi gerir kröfu um að bílstjórar uppfylli ávallt eftirfarandi skilyrði og áskilur sér rétt til þess að krefjast upplýsinga og ganga því til staðfestingar á samningstíma:

- Hafi meirapróf, leyfi til að aka farþegum gegn gjaldi.
- Hafi gott vald á íslensku.
- Hafi hreint sakavottorð (sérstakt sakavottorð frá ríkissaksóknara um hegningarlagabrot).
- Hafi lokið námskeiði í skyndihjálpi á vegum Rauða krossins á Íslandi, eða sambærilegu námi að mati kaupanda.

Uppfylli bílstjórar ekki ofangreind skilyrði mun kaupandi ekki veita samþykki fyrir því að þeir sinni akstursþjónustu eða eftir atvikum afturkalla slíkt samþykki hafi það verið veitt.

Kaupandi leggur mjög mikla áherslu á að bílstjórar sýni virðingu, nærgætni og fagmennsku í starfi. Bílstjóra ber ávallt að aka eins og aðstæður leyfa. Bílstjóri ákveður hvaða leið sé hentugust fyrir viðkomandi farþega, en rík áhersla er lögð á að halda tímaáætlun, sjá nánar kafla 2.0.4.

Með öllu er óheimilt að reykja í bifreiðum þeim sem seljandi notar við akstur samkvæmt samningi þessum. Ákvæðið á við hvort sem farþegar eru í bifreiðum eða ekki.

Eftirfarandi reglur gilda um bílstjóra:

- Bílstjórar eru ábyrgir fyrir farþegum sínum í bifreiðum. Bílstjórar eru ábyrgir fyrir farþegum á leið frá bifreið að anddyri húsnæðis. Bílstjórar skulu aðstoða farþega að anddyri ef svo ber undir. Ef farþegar geta fötlunar sinnar vegna ekki verið einir skulu bílstjórar sjá til þess að þeir komist í hendur tengiliðs eða ábyrgðarmanns í lok ferðar.
- Bílstjórar skulu gæta þess að farþegar komi og verði sóttir á þeim tímum sem áætlun þeirra gerir ráð fyrir.
- Bílstjórar skulu gæta þess að allir farþegar séu í bílbeltum. Farþegar í hjólastólum skulu ævinlega vera tryggilega festir, einnig skulu hjólastólar vera tryggilega festir í bifreið. Hjólastólar skulu ávallt snúa í akstursstefnu.
- Bílstjórar skulu ekki yfirgefa bifreið þegar farþegar eru í bifreiðinni, nema rík ástæða sé til og þá í eins skamman tíma og hægt er.
- Bílstjórar skulu fylgja sértækum fyrirmælum er varða farþega sem fram koma í akurstölvu bílstjóra.

Í neyðartilfellum eru gerðar eftirfarandi kröfur:

- Bílstjórar skulu vera færir um að veita grundvallaraðstoð í skyndihjálpi.
- Veikist farþegi á meðan á akstri stendur skal bílstjóri tilkynna slíkt samstundis til þjónustuvers sem skal ráðfæra sig við aðstandendur og/eða stofnun þá sem viðkomandi farþegi dvelur á um aðgerðir. Þjónustuver skal síðan tilkynna bílstjóra um aðgerðir.
- Bílstjóri leggur mat á hvort hann lýkur ferð skv. áætlun eða ekur með farþega á sjúkramóttöku.
- Telji bílstjóri að honum og/eða farþega í bifreið stafi hættu af einhverjum einstaklingi í bifreiðinni skal hann tafarlaust aka að heimili eða stofnun viðkomandi einstaklings. Jafnframt ber bílstjóra tafarlaust að gera viðkomandi stofnun viðvart og upplýsa þjónustuver.
- Slys og önnur óhöpp í bifreið, þar sem meiðslu verða á farþega og/eða þörf gerist á að flytja farþega til slysamóttöku, skal seljandi tilkynna þjónustuveri um það eins fljótt og auðið er og síðan gera nánari grein fyrir atvikinu með skriflegum hætti.
- Ef um alvarlegt neyðartilfelli er að ræða skal bílstjóri hringja strax í neyðarlínuna (112). Tilkynna skal þjónustuveri um neyðartilfelli eins fljótt og auðið er og síðan gera nánari grein fyrir atvikinu með skriflegum hætti.

Seljandi skal sjá öllum bílstjórum sínum sem sinna akstursþjónustu fyrir farsíma, ásamt handfrjálsum búnaði, sem hægt er að ná í hvenær sem er á meðan viðkomandi bílstjórar eru að störfum fyrir kaupanda. Símanúmer bílstjóra mun vera sýnilegt starfsmönnum kaupanda og þeim notendum sem skráðir eru í ferðir hjá viðkomandi bílstjóra þann daginn þannig að hægt sé að hafa samband beint við bílstjóra sé þess þörf.

Allir nýir bílstjórar sem hefja störf hjá seljanda við akstursþjónustu skulu vera undir beinni handleiðslu reynds bílstjóra í þrjá daga áður en þeir byrja að starfa einir. Með reyndum bílstjóra er átt við bílstjóra sem hefur unnið við akstur fatlaðs fólks og/eða aldraða einstaklinga í að lágmarki 1 ár.

Allir bílstjórar skulu ávallt vera auðkenndir á áberandi hátt og snyrtilega til fara. Auðkenning skal samþykkjast af kaupanda.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla alla starfsmenn seljanda, sem sinna akstursþjónustunni, á hálf dags námskeið einu sinni á ári á samningstímanum. Ekki er greitt sérstaklega fyrir þann tíma sem starfsmenn seljanda sitja á námskeiði kaupanda heldur skal sá kostnaður vera innifalinn í einingarverðum seljanda. Leitast verður við að námskeið verði haldið á dagvinnutíma.

Kaupandi áskilur sér rétt til þess að hafna þjónustu bílstjóra sem gerast brotlegir í starfi eða gera alvarleg mistök. Skal seljandi þá útvega aðra bílstjóra í þeirra stað.

### 2.0.3 Þjónustuvæði

Þjónustuvæði akstursþjónustunnar er Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Reykjavík (þ.m.t. Kjalarnes) og Mosfellsbær. Sjá nánar á mynd hér að neðan.



## 2.0.4 Þjónustutími og lengd ferðar

Akstursþjónustan er í boði eins og hér segir:

- Mánudaga - fimmtudaga frá kl. 06:30 til kl. 24:00.
- Föstudaga frá kl. 06:30 til kl. 01:00.
- Laugardaga frá kl. 08:00 til kl. 01:00.
- Sunnudaga frá kl. 09:00 til kl. 24:00.
- Akstur á stórhátíðardögum er eins og á sunnudögum, að undanskildum aðfanga- og gamlársdegi, þá daga er akstursþjónusta til kl. 22:00.

Lengd ferðar miðast við setu farþega í bifreið seljanda. Miðað er við að ferðatími á milli staða sé svipaður og hjá almenningsvögnum en fari ekki yfir 60 mínútur. Við skipulag ferða og niðurröðun í bifreiðar verður leitast við að ferðatími fari ekki yfir 45 mínútur svo tryggt sé að þjónustuviðmiði sé náð.

Hafi óviðráðanlegar aðstæður, s.s. veður, umferð eða ófærð, fyrirsjáanleg áhrif á biðtíma farþega eða lengd ferða þannig að þjónustuviðmið verði ekki uppfyllt, skal seljandi tafarlaust upplýsa þjónustuver kaupanda um þær aðstæður.

## 2.0.5 Skipulagning ferða og niðurröðun farþega í bifreiðar

Kaupandi mun sjá um skipulagningu ferða og niðurröðun farþega í bifreiðar með þar til gerðu aksturskerfi ásamt því að beita til þess öðrum þeim aðferðum sem geta nýst til samnýtingar bifreiða með hagkvæmni að leiðarljósi.

Við niðurröðun farþega í bifreiðar leitast kaupandi við að tryggja bílstjórum lögbundin kaffi- og neysluhlé í samráði við seljanda. Ekki er greiddur biðtími fyrir kaffi- og neysluhlé.

Ekki er hægt að krefja kaupanda um forgangsröðun við niðurröðun ferða í ákveðnar bifreiðar.

## 2.0.6 Akstursáætlun

Vikulega (t.d. á miðvikudegi) mun kaupandi senda út drög að akstursáætlun næstu vinnuviku á eftir. Áætlun mun sýna áætlaða þörf á fjölda bifreiða dag fyrir dag og innan hvers dags.

Kaupandi mun senda akstursáætlun næsta dags um kl. 21:00 daginn áður, sú áætlun sýnir allar bókaðar ferðir yfir daginn og mun birtast í spjaldtölvum viðeigandi bifreiða/bílstjóra.

Fyrirvari er gerður á að breytingar geta átt sér stað á akstursáætlun, t.d. vegna forfalla, afpöntun ferða, pöntun tilfallandi ferða og fleiri þátta.

## 2.0.7 Bifreiðar og búnaður

Almennt gildir að útbúnaður bifreiða skal að öllu leyti uppfylla reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja með síðari breytingum.

Auk almennra krafna gildir eftirfarandi:

- Miðstöð skal vera í aftasta hluta farþegarýmis.
- Bakstuðningur og höfuðpúði skal vera fyrir hreyfihamlaða farþega sem fluttir eru í bifreiðum í hjólastólum, stærð og staðsetning skal vera skv. reglugerð.
- Allar bifreiðar skulu vera útbúnar lyftum til að flytja hjólastóla í og úr bifreiðunum. Burðargeta lyftu skal vera a.m.k. 350 kg.
- Í öllum bifreiðum skal vera öryggismyndavél ásamt læsanlegum myndþjóni, seljandi skjal kosta búnað, uppsetningu og allar tengingar. Sjá nánar grein 2.0.11. Sjónarhorn myndavéla skal ná öllu farþegarými á mynd ásamt sýn á inngang í hliðarhurð og afturhurð.
- Gólfefni í bifreið skal vera með skriðöruggu yfirborði.
- Allar hæðarbreytingar á gólfi eins og tröppur skulu merktar sérstaklega með lit sem sker sig frá umhverfinu þannig að sjónskertir eigi auðveldara með að ganga um bifreiðar.

- Hæð frá gólfi bifreiða til lofts skal að lágmarki vera 1.800 mm.
- Handföng/armar skulu vera beggja vegna við hliðarhurð fyrir öruggt og þægilegt aðgengi. Öll handföng/armar skuli vera í lit sem sker sig frá umhverfinu þannig að sjónskertir eigi auðveldara með að finna þau.
- Í öllum bifreiðum skal vera a.m.k. einn beltalás og einn öryggishnífur til þess að skera á öryggisbelti í neyðartilvikum. Hnífur skal vera festur upp á áberandi stað í bílstjórarými.
- Í öllum bifreiðum skulu vera a.m.k. tvö laus öryggisbelti til framlengingar.

Kaupandi gerir kröfu um að í öllum bifreiðum seljanda sem nota á til aksturs hreyfihamlaðra, skuli vera P-merki (t.d. til að setja í glugga) sem veitir seljanda leyfi til að leggja í sérmerkt stæði fyrir fatlað fólk. Auk þess gerir kaupandi þá kröfu um að bifreiðar séu merktar með hringlaga merki Strætó bs. á öllum hliðum, kaupandi leggur merkið til en seljandi skal sjá um að líma það á bifreiðar. Ekki eru gerðar kröfur um frekari merkingar bifreiða. Merkingar bifreiða skulu samþykktar af kaupanda.

Seljandi skal uppfylla lög og reglugerðir um fólksflutninga.

Allar hópferðabifreiðar seljanda sem hann hyggst nota í þetta verkefni skulu uppfylla kröfur samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum og skal eftirlit með gæðum og búnaði fylgja ritinu „Handbók um gæða- og tæknikröfur sbr. 12. gr. laga nr. 73/2001“ gefin út af Vegagerðinni, sjá einnig [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/skodunarhandbok\\_hopbila/\\$file/HandbókHópferðabíla2003.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/skodunarhandbok_hopbila/$file/HandbókHópferðabíla2003.pdf)

Jafnframt er gerð krafa um að allar hópferðabifreiðar, sem notaðar verða til aksturs séu með öryggisbeltum fyrir alla farþega.

Gerð er sú krafa að vél hópferðabifreiða uppfylli kröfur um útblástursmengun sem gerðar eru samkvæmt þeim stöðlum sem í gildi eru fyrir bifreiðina á hverjum tíma og að lágmarki kröfu EURO VI staðals um losunarmörk sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009, með síðari breytingum.

Komi til endurnýjunar á hópferðabifreiðum seljanda á samningstímanum er seljandi hvattur til þess að velja umhverfisvænar bifreiðar. Seljandi skal upplýsa kaupanda um fyrirætlanir um endurnýjun bifreiða komi til þess á samningstímanum. Kaupanda er heimilt, en ekki skylt, að greiða hærra tímagjald fyrir bifreiðar sem endurnýjaðar eru á samningstímanum og ganga 100% fyrir hreinum orkugjafa (þ.e. ekki „hybrid“ eða „plug in hybrid“), t.d. rafmagni, vetni eða metan, sjá nánar kafla 1.1.

Ef seljandi notar hópferðabifreiðar sem krefjast þess að íblöndunarefni sé sett í eldsneytistank, getur kaupandi krafist þess að seljandi færi sönnur á að íblöndunarefnið sé keypt og notað í hópferðabifreiðar.

Kaupandi hefur áætlað fjölda hópferðabifreiða sem þarf á háannatíma til þess að sinna akstursþjónustu fatlaðs fólks og skal seljandi miða tilboð sitt við neðangreindan fjölda bifreiða.

- 45 hópferðabifreiðar fyrir 9 farþega, sérstaklega útbúnar til flutnings á hreyfihömluðum einstaklingum. Í hverri bifreið skulu vera tvö stæði fyrir hjólastóla og ekki færri en fjögur sæti í farþegarými.

Þann. 1. júlí 2020, þegar samningsbundinn akstur hefst, skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 25 sérútbúnum hópferðabifreiðum. Þann. 1. september 2020 skal seljandi hafa yfir að ráða a.m.k. 45 sérútbúnum bifreiðum.

Hafi seljandi ekki yfir að ráða nægjanlegum fjölda bifreiða útbúnum með lyftum er honum heimilt að notast við bifreiðar útbúnar með römpum fyrsta ár samningstímans, þ.e. fram til 30. júní 2021. Frá og með 1. júlí 2021 skulu allar bifreiðar útbúnar með lyftu. Notist seljandi við bifreiðar til bráðabirgða fyrsta ár samningstímans er ekki gerð krafa um að sett sé upp myndavélakerfi í viðkomandi bifreiðum. Frá og með 1. júlí 2020 skulu allar bifreiðar útbúnar myndavélakerfi.

Falli bifreið úr akstri, t.d. vegna bilana eða óhappa, skal seljandi útvega aðra bifreið í stað þeirrar sem fellur út.

## 2.0.8 Eftirlit með bifreiðum og þjónustu

### Bifreiðar

Allar bifreiðar sem seljandi ætlar að nota í aksturinn skulu hafa leyfisskoðun hóp bifreiða.

Seljanda bera að skila til kaupanda niðurstöðum allra skoðana/úttekta á bifreiðum, þetta á einnig við þegar bifreiðar eru endurnýjaðar.

Kaupandi mun framkvæma úttekt á öllum bifreiðum seljanda sem notaðar eru í akstursþjónustu áður en þjónusta hefst og svo árlega út samningstímamann. Um er að ræða sjónræna úttekt á bifreið og búnaði sem krafa er gerð um skv. útboðsgögnum. Sjónræn úttekt kaupanda kemur ekki í stað skoðunar/úttekta viðurkenndra eða opinberra aðila.

Sé viðhaldi bifreiða ábótavant eða þær ekki hæfar til notkunar í akstursþjónustu að mati kaupanda áskilur kaupandi sér heimild til þess að hafna notkun viðkomandi bifreiðar í akstursþjónustu.

### Þjónusta

Kaupandi mun sinna eftirliti með þjónustunni. Seljandi skal í einu og öllu framkvæma þjónustuna samkvæmt samningi og í samráði við kaupanda. Eftirlit kaupanda kemur ekki í stað opinbers eftirlits sem falið er öðrum stjórnvöldum samkvæmt lögum eða reglugerðum.

Kaupandi er með atvikaskráningu en seljandi skal jafnframt vera með atvikaskráningu, þ.e. taka niður allar umkvartanir sem berast og skilyrðislaust upplýsa kaupanda.

Kaupandi mun reglulega leggja þjónustukönnun fyrir notendur þjónustunnar sem og gera reglulega athugun/úttekt þjónustu seljanda. Ber seljanda að lagfæra þjónustu sína séu ágallar á þjónustunni að mati kaupanda.

## 2.0.9 Skráning

Í spjaldtölvu sem er í öllum bifreiðum skal bílstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar á upphafsstað og endastað hvernar ferðar.

- Skrá farþega inn í bifreið á upphafsstað ferðar (upphafstími ferðar).
- Skrá farþegar út úr bifreið á endastað ferðar (endatími ferðar).

Verði kaupandi var við frávik í skráningum áskilur hann sér heimild til þess að leiðrétta uppgjör við seljanda í samræmi við frávik. Sé um ítrekuð frávik að ræða áskilur kaupandi sér rétt til þess að hafna þjónustu viðkomandi bílstjóra og skal seljandi þá útvega annan bílstjóra.

## 2.0.10 Auglýsingar

Seljanda er með öllu óheimilt að setja auglýsingar á eða í bifreiðar sem notaðar eru í akstursþjónustu.

## 2.0.11 Myndavélakerfi

Í öllum bifreiðum skal setja upp öryggismyndavélakerfi með stafrænni miðlægri upptöku á myndþjón (MNVR Mobile network video recorder). Seljandi skal kosta allan búnað, uppsetningu og tengingar. Miðað er við að myndþjónn geymi myndefni frá myndavél í að lágmarki 3 vikur.

Kaupandi mun einn hafa aðgang að upptökum á myndefni úr öryggismyndavélum.

### **Miðlægur búnaður, myndþjónn (Mobile network recorder)**

Myndþjónn skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Búnaðurinn skal vera sérhannaður til notkunar í ökutækjum og styðja að lágmarki fjórar myndavélar.
- Búnaðurinn skal þola hitastig -30°C - +70°.
- Vistun gagna skal vera samkvæmt H.264, H.265 þjöppunar staðli.
- Tengi fyrir myndavélar skulu vera að M12 gerð.

- Búnaðurinn skal hafa hristivörn (anti-vibration).
- Búnaðurinn skal hafa tengimöguleika við skjá, HDMI, VGA og TV.
- Innri geymsla búnaðar skal vera að lágmarki 1 HDD og vera læsanlegur (ekki hægt að fjarlægja).
- Búnaðurinn skal hafa a.m.k. tvö USB tengi og eitt RJ-45 nettengi.
- Upptökurými (harður diskur) skal miða við að hægt sé að geyma upptökur til þriggja vikna.
- Myndþjónn skal geta afkastað allt að 25 myndrömmum/sek (fps) frá vél í upptöku.

### Myndavél

Myndavél skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Myndavél skal hafa 360° sjónarhorn.
- Myndavél skal vera að lágmarki 5 Megapixlar 25fps@5MP(2592×1944) með progressive scan CMOS.
- Myndavél skal styðja H.265 og H.264 þjöppun.
- Myndavéla skal hafa WDR 120db eða hærra.
- Myndavél skal uppfylla IP66 og IK08 þétti- og höggstaðla að lágmarki.
- Styðja DC12V (M12 support), PoE (802.3af).

### Skjár í/á mælaborði bílstjóra

Skjár skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Skal vera tengjanlegur við boðinn myndþjón (MNVR).
- Skal vera tengjanlegur við rafmagnskerfi bifreiðar eða fá straumfæðingu frá myndþjóni.
- Skjástærð skal vera 7" eða stærri.
- Skal þola að lágmarki -10°C - +60°C umhverfis hitastig.
- Hafa IP54 þéttleika að lágmarki.
- Contrast Ratio 500:1.
- Straumfæðing 6 VDC to 36 VDC, < 7.5 W (M12 A-coding connector).

### 2.0.12 Ferilvöktun (GPS staðsetning)

Seljandi skal tryggja að kveikt sé á GPS staðsetningabúnaði í spjaldtölvu á meðan hann sinnir akstursþjónustu fyrir kaupanda. Ef ekki er kveikt á staðsetningabúnaði áskilur kaupandi sér heimild til þess að líta svo á að bifreið sé ekki í þjónustu og gilda þá viðurlög skv. kafla 1.5. Auk þess mun kaupandi þá færa farþega sem skráðir voru í ferðir á viðkomandi bifreið yfir á aðrar bifreiðar.

Í smáforriti mun notandi/aðstandandi sjá akstursferil bifreiðar 30 mín fyrir áætlaðan komutíma og til lok ferða.

### 2.0.13 Gæði þjónustunnar

Kaupandi leggur ríka áherslu á að veita þjónustu með háum gæðum, sem fram kemur m.a. í áreiðanleika tímasetninga, öryggi, þjónustulund bifreiðastjóra og snyrtilegum og vel búnum bifreiðum. Seljandi og allir starfsmenn hans skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að gæði þjónustunnar séu eins og best er á kosið.

### 2.0.14 Fundir

Seljandi skal gera ráð fyrir að þurfa að mæta á reglubundna samráðsfundi, a.m.k. mánaðarlega, með fulltrúa kaupanda út allan samningstímamann. Fyrstu mánuði samningstímans skal seljandi þó gera ráð fyrir vikulegum samráðsfundum. Fundargerðir samráðsfunda eru ritaðar af kaupanda og skulu samþykktar með undirritun af báðum aðilum.



Seljandi skal skipa fulltrúa í þjónustuhóp akstursþjónustu og gera ráð fyrir að þurfa mæta á reglubundna fundi þjónustuhóps, a.m.k. á tveggja mánaða fresti. Varðandi skipan og hlutverk þjónustuhóps, sjá fylgiskjal 3.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir fundarsetu, kostnaður seljanda vegna funda skal því vera innifalinn í einingarverðum.

### 2.0.15 Magntölur og uppgjör

Magntölur í tilboðsskrá eru áætlaðar og geta breyst. Greitt verður samkvæmt einingarverðum fyrir mælt magn mánaðarlega eftir greiðsluskilmálum þessum.


Í tilboðsverðum skal innifalinn allur kostnaður við alla þá verkþætti sem þarf til þess að framkvæma þjónustuna eins og fram kemur í útboðs- og samningsskilmálum og tæknilýsingu.

## 2.1 Akstur

### 2.1.0 Almennt

#### Fjöldi ferða


Á myndum 1-4 hér á eftir má sjá meðaltalsfjölda eftir tíma dags, skipt niður eftir því hvort um sé að ræða vetrardaga (september-maí) eða sumardaga (júní-ágúst) og hvort um sé að ræða virkan dag eða helgi. Þess ber að geta að á á myndunum er sýnt meðaltal allra ferða en hér er gert ráð fyrir að um 70% ferða verð farnar á sérútbúnum bifreiðum sem óskað er eftir í útboði þessu og 30% ferða á leigubifreiðum (ferðir á leigubifreiðum eru utan þessa útboðs).



**Mynd 1. Dreifing ferða yfir daginn á virkum vetrardögum (september-maí).**


Á mynd 1 má sjá að innan dagsins á virkum dögum á tímabilinu september-maí er eftirspurn eftir akstursþjónustu að jafnaði mest á morgnana, í kringum hádegis og aftur síðdegis.

Áætluð afkastageta 45 sérútbúinna bifreiða, sem er sá fjöldi bifreiða sem krafist er skv. útboði þessu á tímabilinu september-maí, er um 100 ferðir á klst. eða um 2,2 ferðir á hverja bifreið á klst. Það má því gera ráð fyrir að göt verði í akstursáætlun einhverra bifreiða á þeim tíma dags sem minnst eftirspurn er.



**Mynd 2. Dreifing ferða yfir daginn um helgar á vetrardögum (september-maí).**


Á mynd 2 má sjá að innan dagsins um helgar á tímabilinu september-maí er eftirspurn eftir akstursþjónustu að jafnaði mest í kringum hádegis og síðdegis.



**Mynd 3. Dreifing ferða yfir daginn á virkum sumardögum (júní-ágúst)**

Á mynd 3 má sjá að innan dagsins á virkum dögum á tímabilinu júní-ágúst er eftirspurn eftir akstursþjónustu að jafnaði mest á morgnana, í kringum hádegis og aftur síðdegis.

Áætluð afkastageta 20 sérútbúinna bifreiða, sem er sá fjöldi bifreiða sem krafist er skv. útboði þessu á tímabilinu júní-ágúst, er um 45 ferðir á klst. eða um 2,2 ferðir á hverja bifreið á klst. Það má því gera ráð fyrir að göt verði í akstursáætlun einhverra bifreiða á þeim tíma dags sem minnst eftirspurn er.




Mynd 4. Dreifing ferða yfir daginn um helgar á sumardögum (júní-ágúst).

Á mynd 4 má sjá að innan dagsins um helgar á tímabilinu júní-ágúst er eftirspurn eftir akstursþjónustu að jafnaði mest í kringum hádegi.

#### Áætluð þörf á fjölda sérútbúinna bifreiða

Á myndinni hér að neðan má sjá áætlaða þörf á fjölda sérútbúinna bifreiða sem þarf til þess að sinna akstursþjónustu fatlaðs fólks eftir því hvort um er að ræða sumardaga (júní-ágúst) eða vetrardaga (september-maí) og eftir tíma dags.



Mynd 5. Áætluð þörf fyrir fjölda sérútbúinna bifreiða eftir því hvort um er að ræða vetrardaga (september-maí) eða sumardaga (júní-ágúst)

Á mynd 5 má sjá að áætluð þörf á fjölda bíla er mjög mismunandi eftir því hvort er um að ræða vetrardaga (september-maí) eða sumardaga (júní-ágúst). Á háanna tíma á vetrardögum er áætlað að þörf sé á 45 sérútbúnum bifreiðum á meðan þörfin er áætluð 20 bifreiðar á sumardögum.

Þess ber að geta að á vor- og haustmánuðum fer ferðafjöldi og þ.a.l. þörf á bílafjölda stig minnkandi/vaxandi eftir því sem við á og skilin eru því ekki jafn skörp og sést á mynd 5.

Áætluð þörf á fjölda bifreiða getur tekið breytingum eftir álagi, t.d. vegna starfsdaga og vetrarfría í skólum, hátíða og frídaga. Vikuleg akstursáætlun mun taka tillit til þessa sem og annarra þátta er hafa áhrif á þörf á fjölda bifreiða hverju sinni.

Seljandi skal ávallt tryggja þann fjölda bifreiða sem kaupandi áætla skv. akstursáætlun hverju sinni.

### 2.1.1 Biðtími

Seljandi skal hafa ákveðinn fjölda bifreiða og bílstjóra til reiðu frá kl. 07:30 til 17:30 alla virka daga skv. vikulegri akstursáætlun. Áætluð þörf á fjölda bifreiða yfir daginn er breytilegt eftir tíma dags, sjá nánar á mynd 5 í kafla 2.1.0.

Komi til þess að göt séu í akstursáætlun bifreiða frá fyrstu ferð til síðustu ferðar innan dagvinnutíma, þ.e. engir farþegar bókaðir í ferð á viðkomandi bifreið, fær seljandi greiddan biðtíma fyrir viðkomandi bifreið og bílstjóra. Þó er ekki greiddur biðtími fyrir kaffi- og neysluhlé.

Biðtími miðast við þann tíma sem engir farþegar eru í bifreið og greiðist eingöngu fyrir bifreiðar sem eru skráðar til vinnu samkvæmt akstursáætlun.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Mælieining er klst. Greitt verður fyrir klukkustundir í bið skv. tímamælingu í aksturskerfi. Minnsta mælieining er 0,1 klst. og miðast við skráningar í aksturstölvu, þ.e. útskráningu farþega á áfangastað og innskráningu á upphafsstað næstu ferðar. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður, hvaða nafni sem hann nefnist, sem hlýst af því að vera með menn í vinnu og rekstur bifreiðar, m.a. undirbúningur og lausaakstur (akstur þegar enginn farþegi er í bifreið).*

### 2.1.2 Aksturstími með farþega, dagvinnutími

Greitt er tímagjald fyrir ökumann og bifreið fyrir hvern aksturstíma (unnin tíma) í dagvinnu. Aksturstími miðast við þann tíma sem farþegar eru í bifreið.

Dagvinnutími er hér skilgreindur frá kl. 07:30 til kl. 17:30 á virkum dögum.

Komi til þess að göt séu í akstursáætlun bifreiða, þ.e. engir farþegar bókaðir í ferð á viðkomandi bifreið, fær seljandi greiddan biðtíma skv. kafla 2.1.1.

Mæti notandi ekki í ferð eða afboðar hana á upphafsstað, fær seljandi greiddar 20 mín í aksturstíma frá því að hann skráir „Ekki mætt í ferð“ eða „afpantað á staðnum“. Ef næsta ferð hefst innan 20 mín frá skráningu fær seljandi greiddar þær mínútur sem líða til næstu ferðar.

#### **Magntölur og uppgjör:**

*Mælieining er klst. Greitt verður fyrir unnar klukkustundir skv. tímamælingu í aksturskerfi. Minnsta mælieining er 0,1 klst. og miðast við skráningar í aksturstölvu, þ.e. innskráningu á upphafsstað ferðar og útskráningu farþega á áfangastað. Innifalið í einingarverði skal m.a. vera allur kostnaður, hvaða nafni sem hann nefnist, sem hlýst af því að vera með menn í vinnu og rekstur bifreiða.*

### 2.1.3 Aksturstími með farþega, næturvinnutími

Greitt er tímagjald fyrir ökumann og bifreið fyrir hvern aksturstíma (unnin tíma) í næturvinnu. Aksturstími miðast við þann tíma sem farþegar eru í bifreið.

Næturvinnutími er hér skilgreindur frá kl. 06:30 til kl. 07:30 og eftir kl. 17:30 á virkum dögum, laugardögum, sunnudögum og almennum frídögum.

Á næturvinnutíma er ekki greiddur biðtími þó göt séu í akstursáætlun bifreiða.

Mæti notandi ekki í ferð eða afboðar hana á upphafsstað, fær seljandi greiddar 20 mín í akurstíma frá því að hann skráir „Ekki mætt í ferð“ eða „afpantað á staðnum“. Ef næsta ferð hefst innan 20 mín frá skráningu fær seljandi greiddar þær mínútur sem líða til næstu ferðar.

**Magntölur og uppgjör:**

*Mælieining er kr./klst. Greitt verður fyrir unnar klukkustundir skv. tímamælingu í aksturskerfi. Minnsta mælieining er 0,1 klst. og miðast við skráningar í akurstölvu, þ.e. innskráningu á upphafsstað ferðar og útskráningu farþega á áfangastað. Innifalið í einingarverði skal m.a. vera allur kostnaður, hvaða nafni sem hann nefnist, sem hlýst af því að vera með menn í vinnu og rekstur bifreiða, m.a. undirbúningur og lausaakstur (akstur þegar enginn farþegi er í bifreið).*

**2.1.4 Akurstími með farþega, stórhátíðardagar**

Greitt er tímagjald fyrir ökumann og bifreið fyrir hvern akurstíma (unnin tíma) á stórhátíðardögum. Akurstími miðast við þann tíma sem farþegar eru í bifreið.

Eftirtaldir dagar eru skilgreindir stórhátíðardagar:

- Nýársdagur
- Föstudagurinn langi
- Páskadagur
- Hvítasunnudagur
- 17. júní
- Aðfangadagur eftir kl. 12:00
- Jóladagur
- Gamlársdagur eftir kl. 12:00

Á stórhátíðardögum er ekki greiddur biðtími þó göt séu í akstursáætlun bifreiða.

Mæti notandi ekki í ferð eða afboðar hana á upphafsstað, fær seljandi greiddar 20 mín í akurstíma frá því að hann skráir „Ekki mætt í ferð“ eða „afpantað á staðnum“. Ef næsta ferð hefst innan 20 mín frá skráningu fær seljandi greiddar þær mínútur sem líða til næstu ferðar.

**Magntölur og uppgjör:**

*Mælieining er kr./klst. Greitt verður fyrir unnar klukkustundir skv. tímamælingu í aksturskerfi. Minnsta mælieining er 0,1 klst. og miðast við skráningar í akurstölvu, þ.e. innskráningu á upphafsstað ferðar og útskráningu farþega á áfangastað. Innifalið í einingarverði skal m.a. vera allur kostnaður, hvaða nafni sem hann nefnist, sem hlýst af því að vera með menn í vinnu og rekstur bifreiða, m.a. undirbúningur og lausaakstur (akstur þegar enginn farþegi er í bifreið).*